



Skaftárhreppur

Óskar Örn Gunnarsson

Klausturvegi 4

880 KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

Garðabær, 20.1.2025

Málsnúmer: 202412-0014

IAS

## Efni: Laki, deiliskipulag.

Vísað er í erindi frá Skaftárhreppi sem barst þann 6. desember 2024 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar vegna deiliskipulags fyrir Laka.

„Um er að ræða gerð deiliskipulags fyrir aðstöðu fyrir ferðafólk í Laka í Skaftárhreppi, sem er innan Vatnajökulspjóðgarðs. Við stofnun þjóðgarðsins var áformað að efla þjónustu við ferðamenn á svæðinu og er gerð deiliskipulags liður í því, en stefnt er að gerð gönguleiða og uppbyggingu bílastæða og áningarstaðar.“

Deiliskipulagið er unnið í samráði við Vatnajökulspjóðgarð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagstillöguna og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Fram kemur að nú eru tvö bílastæði við Laka, eitt við núverandi landvarðaaðstöðu og salerni en hitt, sem er minna og einungis ætlað fötluðum, 130 m ofar í landinu. Fyrirhugað er að gera 34 almenn bílastæði, tvö fyrir fatlaða og tvö fyrir rútur, við núverandi landvarðaaðstöðu og þar verða skilgreindir tveir byggingareiti. á byggingareit 1 verður aðstaða fyrir landverði og þjónustuhús. Hámarks byggingamagn verður 120 m<sup>2</sup> og verða húsin á steiptum stólpum. Nú eru þar tvö hús, samtals 20,5 m<sup>2</sup>.

Gert er ráð fyrir salernisaðstöðu á byggingareit 2, að hámarki 50 m<sup>2</sup> en ekki kemur fram hvort það bætist við eða komi í staðinn fyrir núverandi salerni. Ekki er heldur fjallað um öflun neysluvatns fyrir þjónustuhús og salerni og ekki kemur fram hvað felst í því að gera bílastæði en Náttúrufræðistofnun gerir ráð fyrir því að bílastæði verði afmörkuð en ekki komi til aðflutningur á efni.

Minna bílastæðið er sýnt á deiliskipulagsuppdraetti en þar er ekki að sjá að verði neinar breytingar. Í deiliskipulaginu er skilgreind 5 km hringleið upp á topp Laka en hún hefur verið stikuð og lagfærð. Út frá hringleiðinni er 500 m fræðslustígur sem m.a. liggur inn í einn gíginn og eftir botni hans. Jafnframt verður öðrum slóðum lokað og unnið að því að græða þá upp með mosaflutningi.

Svæðið umhverfis Laka er mjög viðkvæmt og því er jákvætt að aðstaða fyrir ferðamenn verði bætt og umferð stýrt um svæðið eftir merktum gönguleiðum. Svæðið er innan Vatnajökulspjóðgarðs og á Heimsminjaskrá og því er mikilvægt að vandað sé til verka og þess gætt við frágang að framandi tegundir berist ekki inn á svæðið.



Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson,  
jarðfræðingur